

## Upplýsingar til sjúklinga fyrir aðgerð í deyfingu

### Fyrir aðgerð

- Hættu á blóðþynningarlyfjum (og lýsi) í viku fyrir aðgerð í samráði við lækinn, sem er ábyrgur fyrir þeirri meðferð, nema skurðlæknirinn hafi tekið annað fram.
- Önnur lyf má taka eins og venjulega, líka aðgerðardag.
- Fjarlægðu hringa af hendi aðgerðar 2 dögum fyrir aðgerð. Eyddu naglalakki af fingrum, fjarlægðu alla skartgrip og farðu í **sturtu** að morgni aðgerðardags.
- Ekki bera olíur eða krem á líkamann og ekki nota ilmvatn.
- Best er að koma í þægilegum fatnaði, sem auðvelt er að fara úr og í. Ekki mæta í spariklæðnaði.
- Þú þarft **ekki að fasta**.
- Gott er að taka 2 Panodil eða Parkódín klukkutíma fyrir mætingu svo deyfingin leggist betur í þig.
- Vertu með símann á þér fyrir aðgerðina því mögulega verður hringt í þig og aðgerðinni flýtt eða seinkað.
- Þegar þú mætir á skurðstofugang Orkuhússins hittir þú skurðlækinn, sem deyfir þig.
- Meðan þú bíður aðgerðar getur þú skoðað símann þinn eða hlustað á efni úr honum, hafir þú haft lítil heyrnartól með. Hvorki má tala í síma né taka myndir á skurðstofugangi.

### Eftir aðgerð

- Eftir aðgerð gengur þú af skurðarborði og ferð beint heim.
- Þér er ráðlagt að **aka ekki** bifreið samdægurs eftir aðgerð.
- Gott er að útlímurinn sé í **hástöðu** eins og kostur er fyrstu 3 dagana eftir aðgerð til að minnka bólgu. Ekki þarf fatla. Hreyfa skal fingur og teygja vel á þeim.
- Einhver óþægindi verða frá svæði aðgerðar fyrstu dagana eða vikurnar. Oftast dugar að taka verkjalyfið Panodil og bólgueyðandi lyf eins og lbufen. Lyfin fást án lyfseðils. Í sumum tilfellum mun skurðlæknirinn ávísar öðrum lyfjum.
- Fara má í sturtu en hlífa þarf umbúðunum með plastpoka. Eftir smærri aðgerðir á höndum má þó skola sárið stuttlega með hreinu, rennandi vatni frá þriðja degi eftir aðgerð.
- Ef eitthvað óvænt ber að höndum, svo sem svæsnir verkir, mikil blæðing eða hækkaður líkamshiti, skaltu hafa samband við skurðlækinn. Náist ekki hann er skynsamlegt að leita á læknavakt eða bráðamóttöku.

Með kærri kveðju,

Björn Pétur Sigurðsson  
bæklunar- og  
handarskurðlæknir  
Orkuhúsinu, Urðarhvarfi 8  
203 Kópavogi  
Sími 520-0100  
Netfang [laeknastodin@orkuhusid.is](mailto:laeknastodin@orkuhusid.is)  
Neyðarnúmer GSM 824-5985

Útg. 26.2.2025